



Hraðsoðnar leiðbeiningar v. nýs SportFengs

Fyrir dómara og ritara

1. Dómari loggar sig inn og fer beint í Síðan mín efst í hægra horninu
2. Velja rétt mót undir Mót sem dómari, smella á bláa táknið til hægri
3. Velja keppnisgrein sem er að hefjast. Yfirfara hvort dómssæti sé rétt, láta vita í dómpall ef svo er ekki.

Nokkur atriði við einkunnagiöf:

Best er að slá inn 55 fyrir 5,5, 60 fyrir 6,0 og svo frv. Ef gefa á einkuninna núll er slegið inn 0 (eða 00). Ef gefa á einkunina 10,0 er slegið inn 100. Ef slegið er inn 10 fæst einkunnin 1,0.

Enter hnappur færir bendil úr einkunnareit í næsta einkunnareit en tab hnappur færir bendil í næsta reit (t.d. úr einkunnareit í athugasemdareit).

Smellið sem oftast á Græna hnappinn, gjarna eftir hverja einkunn, þá vistast þær einkunnir sem búið er að slá inn. Hægt er að breyta einkunnum þó búið sé að skrá þær. Þegar allar einkunnir eru komnar í hollinu þarf að smella á Staðfesta einkunnir hollsins. Eftir það getur dómari/ritari ekki sjálfur breytt einkunn. Komi í ljós villa eftir að búið er að staðfesta þarf að hafa samband í dómpall, þar er villan leiðrétt og væntanlega lesið upp að einkunn hafi verið leiðrétt.

Ef keppandi fær ekki einkunn sláið þá inn -1 í reitinn, ekki skilja hann eftir auðan. Skráið gjarna skýringu.

Til að gefa gult spjald er smellt á Spjalda við einkunn. Skrifa athugasemd (skýringu) í reitinn!

Til að gefa rautt spjald er smellt á Spjalda við keppandann fyrir neðan hnappana Græna og Gula. Skráið skýringu!

Fyrir þul

1. Þulur loggar sig inn og fer beint í **Síðan mín** efst í hægra horninu
2. Velja rétt mót undir **Mót sem þulur**, smella á bláa táknið til hægri
3. Velja keppnisgrein sem er að hefjast.
4. Smella strax á hnappinn **Byrja** til þess að síðan endurhlaðist á 2 sek. fresti.

Þegar einkunnir litast grænar eru þær staðfestar frá dómara. Einkunnir eru lesnar upp þegar allir dómara hafa staðfest sínar einkunnir fyrir hollið.

Ef spjöld eru gefin kemur það fram á þularskjá.

Fyrir ritara í dómpalli = tölvuumsjón

1. Tölvuumsjónarmaður loggar sig inn og fer beint í **Síðan mín** efst í hægra horninu
2. Velja rétt mót undir **Mót sem umsjónarmaður** (þessi fyrirsögn á líklega e. að breytast), smella á bláa táknið til hægri.
3. Velja keppnisgrein sem er að hefjast



Til að fylgjast með einkunnagjöf dómara getur þurft að endurhlaða síður, t.d. með því að færa sig á milli dómssæta.

Tölvuumsjónarmaður getur breytt einkunn dómara þó hún sé staðfest en það getur dómari ekki gert sjálfur. Uppgötvu dómari villu í einkunnagjöf sinni eftir að hann var búinn að staðfesta þarf hann að hafa samband í dómhall og tilkynna þetta. Tölvuumsjónarmaður getur þá leiðrétt einkunnina og þulur getur tilkynnt um leiðréttinguna.

Undirbúningur móts

Stofna mót, hér er allt mjög sambærilegt við það sem áður var í gamla SportFeng.

Setja inn starfsmenn og dómara. Gæta að því að þeir starfsmenn sem þurfa hafi aðgang að kerfinu (sjá Notendaumsjón hér neðar). Dómarafélögin og LH munu sjá um aðgangsmál dómara.

Notendaumsjón

Hvert félag sér um sína notendur!

Í upphafi er farið inn í kerfið með gamla félagsaðganginum. Byrjið strax á að stofna 1-3 lykilnotendur sem vinna í mótanefnd eða tölvunefnd félagsins, stofna þá með notandahlutverkið **Félagsumsjón**. Þessir notendur geta stofnað mót, sett starfsmenn og dómara í mót og stofnað notendur með Félagsumsjón eða Almenna. Best er að stefna að því að leggja sem fyrst niður sjálfan félagsaðganginn, eyða honum. Líklega verður það annars gert af LH að einhverjum tíma liðnum.

Þegar stofnaðir eru notendur innan félags til að vinna á mótum er notað notandahlutverkið Almennur. Þeir fá svo sín réttindi í mótinu í samræmi við starf sitt á mótinu (þulur, tölvuumsjón, fótaskoðun, dýralæknir.....).

Gert í miklu tímahraki í upphafi keppnistímabils í lok janúar 2018,

Þórður Ingólfsson, formaður Tölvunefndar LH
thoing@centrum.is, 893 1125